

Matvælaráðuneyti  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Skagabyggð 30. júní 2022

## Umsögn sveitarfélagsins Skagabyggðar um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Mál nr 105/2022.

Sveitarfélagið Skagabyggð fagnar að búgreinin fái ákveðinn ramma til að starfa eftir en vill þó koma með nokkrar ábendingar varðandi ákveðnar greinar sem hafa meðal annars gríðarleg áhrif á fjárhag og öryggi okkar íbúa sem starfa í og við greinina.

3. gr.

Bændur þurfa nú þegar að tilkynna sína starfsemi inn til Matvælastofnunar samkvæmt reglugerð 910/2014, gæta þarf að því að tilkynningaskylda og leyfisumsóknir verði ekki íþyngjandi og of flóknar, heldur skilvirkar og þjóni tilgangi sínum sem best.

Það að Matvælastofnun geri úttekt á aðstöðu teljum við jákvætt og gerum þá tillögu að Matvælastofnun gefi út leyfi í framhaldi af úttekt sem gerð yrði í kjölfar tilkynningar um starfsemi samkvæmt reglugerð 910/2014.

5. gr.

Við fögnum skilvirku eftirliti og sérstaklega það að fá óháðan aðila til þess að fylgjast með blóðrauða eða blóðkornahlutfalli í marktæku hlutfalli hryssanna. Við teljum að þetta sé mikilvægur þáttur til að skapa trúverðuleika um blóðbúskap hryssanna.

8. gr. c)

Við leggjum til að Matvælastofnun meti mannaflspörf út frá aðstöðu hvers og eins við úttekt áður en starfsemi hefst samkvæmt 3.gr. hér að ofan

Aðstaða bænda er misjöfn, þar sem hún er uppsett innandyra er oft lítið pláss á milli bása og ef einn aðili er skilyrtur við hvern bás mun það skapa gríðarlega slyshættu.

8. gr. e)

Við leggjum til að þetta verði að hámarki 8 skipti en ekki 6.

Þessi búgrein er gríðarlega mikilvæg í okkar sveitarfélagi og það að takmarka blóðtöku við 6 skipti mun lækka tekjur okkar íbúa að óbreyttu um ca 20-30% í ár af greininni miðað við forsendur 2021, það yrði skerðing á afkomu bænda beint. Til viðbótar hefur kostnaður bænda hækkað til muna. Flestir okkar bænda eru í blönduðum búrekstri og þessi grein fer oft á tíðum vel með sauðfjárbúskap, því biðlum við sérstaklega til yfirvalda um að endurskoða þetta skilyrði sérstaklega. Þessi drög yrðu að óbreyttu forsendubrestur margra bænda.

## Sveitarfélagið Skagabyggð

Til þess að bæta upp tekjutap yrði að fjölga hryssum verulega sem hefði neikvæð áhrif á kolefnisspor greinarinnar sérstaklega vegna þörf fyrir aukinn heyforða.

Það eru engar vísbendingar um að 7. og 8. blóðtökuskipti séu að hafa neikvæð áhrif á blóðbúskap hryssanna. Það er þó vissulega rétt að hafa þetta í huga en hér vísum við á 5. grein þar sem opinber aðili mun fylgjast með blóðbúskap hryssanna og ef vísbendingar koma upp að verið sé að ganga of nærri þeim væri hægt að grípa til aðgerða.

Þessu til stuðnings vísum við í skýrslu Matvælastofnunar en þar kemur fram **“Samantekið benda þessi gögn til þess að styrkur blóðrauða hjá blóðtökuhryssum haldist allt blóðtökutímabilið innan almennra viðmiðunargilda fyrir heilbrigð hross.”**

[https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast\\_loka.pdf](https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf)

Sömuleiðis gaf Matvælaráðuneytið út skýrslu í vor sem við viljum minna á en þar kemur þetta fram: **“Samhljóða niðurstöður úr öllu þessu eftirliti staðfesta gott heilsufar blóðtökuhryssna þar sem tíðni framleiðslusjúkdóma er hverfandi.”**

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Sk%c3%bdrsla%20starfsh%c3%b3ps%20um%20bl%c3%b3c3%b0t%c3%b6ku%20%c3%bar%20fylfullum%20hryssum%20%20010622.pdf>

10. gr

Við leggjum til að fella þessa grein út. Það er hagur þjóðarinnar að landnýting sé sem best og hún næst með því að hafa hvata til þess að halda sem fæstar hryssur sem gefa mest í aðra hönd. Þetta tengist beint inn í kolefnisspor greinarinnar þó almennt kolefnisspor blóðmerabænda sé lágt miðað við aðrar búgreinar að þá er kolefnisspor heyöflunar það sama.

Virðingarfyllt,  
f.h. Skagabyggðar



Erla Jónsdóttir  
Oddviti Skagabyggðar  
Oddviti  
Skagabyggðar